



Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Leikskólinn
- Bókasafnið

Næsti Pési kemur

út 17. jan 2011

Skil á efni er

11. jan

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Skötuveisla	8
Samkaup	11
Land- búnaðarnefnd	15
Hrunaspjall	16
Flugeldasala	19
Söngkeppni	21

Des 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 244. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Þann 1. des sl. var umferð hleypt á nýju Hvítárbrúna. Við það tækifæri buðu konur úr Tungunum, sem búsettar eru í Hrunamannahreppi, ásamt Gylfa Gíslasyni hjá Jáverk uppá kaffi og með því. Jákvætt og þakkarvert framtak.
Ljós: Halldóra Hj



Gleðileg jó!





Mikki og Bozena með heimagert konfekt

Ljós:SigSigm



2 "Góða veislu gjöra skal" Kokkamir á Hótel Flúðum með dýrindis kræsingar

Ljós:SigSigm

Sveitarstjórapistill

Desember er sá tími þegar litlar sálir byrja að telja niður til jóla. Niðurtalningin hefur margvísleg áhrif og vekja margar áhugaverðar spurningar og því fróðlegri svör. Að minnsta kosti er þetta með jólasveininn alltaf klassískt vandamál og getur falið í sér hvíta lygi. Spurning hvort þetta sé í það eina skipti sem ekki er ljótt að segja ósatt. Jólátíðin og undirbúningur jólanna á að vera tími fjölskyldunnar og þegar menn eiga að vera að hugsa til náungans. Hugsa um eldri meðlimi fjölskyldunnar og þeirra sem minna mega sín í samfélaginu.

Ekki má heldur gleyma þeim mörgu félagasamtökum sem virkja sína krafa fyrir jólin til fjárflounar góðra verka því þau gegna ómetanlegu hlutverki í samfélaginu. Jólin eru líka tíminn þegar jólaljósinn spretta upp eins og gorkúlur úr gördum og húsum manna. Það vegur nefnilega á móti skammdeginu að lýsa það upp og gleður rafmagnsveituna því það má ekki gleyma litla manningum.

Ég held að ekki sé vafi á því að maður gleymir skammdeginu um stund og er það a.m.k. mín bjargfasta skoðun að ekki eigi að taka niður jólaljósinn fyrr en seint í janúar þegar fer að hilla undir að birtan sé að sigra myrkrið.

Ég er ekki frá því að það hafi verið jólastemning þann 1. desember s.l. þegar brottnumdar Tungnakonur sem búa í Hreppnum, svona Hreppatungnakonur, tóku á móti gestum ásamt Tungnamanninum Gylfa í JÁ-verk á brúarsporðinum.

Það var í raun einlæg og áreynslulaus gleði sem skein út úr andlitum bæði eldri og yngri yfir þessum tímamótum sem þau sannarlega eru. Er sjálfur þegar búinn að reyna hvað það er einfalt að bruna vestur í Reykholt og meira að segja til baka aftur.

Þetta gefur endalaus möguleika á meiri samskiptum milli sveitanna og auðveldar fólki að sækja atburði beggja vegna Hvítár, hvað þá að sækja Tungnakonur yfir í Hreppa. Það er orðinn góður jólasíður að fólk sækji tónleika og aðrar uppákomur á adventunni. Ég vil hvetja fólk til að nýta sér þetta og lyfta andanum upp með því að sækja tónleika, kirkjur og aðrar uppákomur í aðdraganda jólanna og á jölunum sjálfum. Það þarf nefnilega að rækta sálartetrið eins og annað og það sprettur ekki frekar en annar gróður nema það sé líka sáð.

Það eru líka afar jákvæðar fréttir í þessu samfélagi okkar. Fólk og félög eru að fá viðurkenningu fyrir starfssemi sína og vilja ég vekja sérstaka athygli á því að Flúðaskóli fékk forvarnarverðlaun vegna forvarnardagsins 2010 sem forseti Íslands afhenti og Sauðfjárræktarfélagið fékk styrk frá Þjóðhátíðarsjóði vegna endurbýggingar Hrunaréttu. Þetta sýnir, að fá góðar hugmyndir og vinna þeim brautargengi getur gefið góðan ávöxt og skapað samfélaginu okkar jákvæða ímynd.

Það er nefnilega gefandi fyrir okkur sem eru að brasa í að reka sveitarfélagið okkar, berja saman fjárhagsáætlanir á brellnum tímum og fást við önnur verk varðandi samfélagið að það séu að gerast góðir hlutir. Ég hef þá trú að í okkar samfélagi sé fullt af fólki sem séu frumkvöðlar og tilbúnir að vinna saman og samfélaginu heilt.

Stöðug framþróun í litlu og stóru er það sem skilar okkur áfram.

Þar sem þetta er síðasti pistill ársins vil ég og mín fjölskylda þakka íbúum, starfsfólki, sveitarstjórninni og öðrum gestum fyrir góðar móttökur frá því við fluttum í Hreppinn.

Fyrir hönd sveitarstjórnar vil ég síðan þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir einkar góð störf á árinu og óska öllum íbúum og velunnurum Hrunamanna-hrepps gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hátíðarkveðjur

Jón G. Valgeirsson



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólafréttir.

Hjá okkur íbúum í Undralandi eru nóvember og desember sérstaklega spennandi og skemmtilegir mánuðir. Þá er unnið er að jólagjöf handa þabba og mömmu sem er eins og nærri má geta algjört leyndarmál. Svo er það desember með öllum sínum skemmtilegu viðburðum og tilhlökkun. Alla daga fram að jólum komum við saman inni á Móakoti sem er yngsta deildin, kveikjum á aðventukransinum sem börnin á Skógarkoti bjuggu til, syngjum jólalög og eigum notalega stund saman, en mesta tilhlökkunin er þegar dagatalapakarnir eru opnaðir.

Við bökkum líka piparkökur og bjóðum foreldra sérstaklega velkomin. Í Undralandi geymum við ekki kökurnar í innsigliðum stömpum langt uppi á hillu, við borðum þær strax ylvolgar og ilmandi og rennum þeim niður með ískaldri mjólk. Foreldrafélagið sá um að skreyta litla jólatréð okkar í garðinum og var kveikt á því þann 1. desember.

Næstu viku verðum við á ferð og flugi og tökum þátt í hinum ýmsu viðburðum, förum á leiksýningu, kíkjum í skóginn og heimsækjum Heimaland sem er orðinn fastur liður. Í Heimaland er gott og gaman að koma, margir hitta þar afa og ömmu, frænku og frænda.

Ekki er allt búið enn, jólaballið verður 17. desember og þá mætir Undrabandið og spilar og syngur með okkur jólalögin og hver veit nema einhverjir jólasveinar reki inn nefið.

Okkur langar til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa tekið á móti okkur þegar við erum í könnunarleiðöngurum um sveitina okkar, einnig þeim sem komið hafa færandi hendi með gjafir og efnivið af ýmsu tagi. Það er ómetanlegur fjar-sjóður að eiga svona yndislegt samfélag.

*Okkar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár.
Takk fyrir samstarfið á liðnu ári.*

Börn og starfsfólk Undralands.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*



VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímamantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Afhliða byggingavöruverzlun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bilavörur

- Smurufur
- Frostlögur
- Hreinlætisvörur
- Perur
- Övuggi og þurrkublið



Þjónavörur

- Lópl, marglr lltlr
- Þjónar, ymsar stærðir
- Þeysur, marglr lltlr
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóru

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagur
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útmálning
- Lökk
- Spertl
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlim
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúse
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalim
- Undirlag



Hreinlætistækideild

- Hreinlætistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttlingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skráfur og boltar
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalim
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glös og bollar
- Handdryksugur
- Hrærivelar



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 496 1866 • vondull@simnet.is

Óbyggðakort!

Fyrir margt löngu var gefið út kort af afrétti milli Þjórsár og Hvítár. Það hefur lengi verið ófáanlegt, en hefur nú verið endurútfengið og er til sölu á 500 krónum á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Einnig eigum við örfá eintök af “Hrunamenn I og II Tilvalið í jólapakkann:)



Hár-Hrun

Klippa í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Um jól og áramót er lokað eftirtalda daga:
23-24-25-26-31 desember og 1.janúar 2011

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



SKÖTU- OG SALTÞISKVEISLA

Á GRUND

SKÖTU- OG SALTÞISKSHLÆÐBORD ÁSAMT

KAFFI OG KONFEKTI

ÞORLÁKSMESSU FRÁ KL: 12.00-14.00 OG

FRÁ KL 19.00-21.00

VERÐ KR. 2.300

VINSAMLEGA PANTIÐ TÍMANLEGA Í SÍMA 552-6962

Vid óskum öllum íbúum Hrunamannahrepps

og nágretta sveitarfélögum

glédilegra jóla og farsældar á nýju ári

Með þakklæti fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk óskast.

Leikskólinn Undraland óskar eftir leikskólakennurum til starfa. Um er að ræða tímabundnar stöður, 100% stöðu frá 1. janúar til 1. júlí 2011 og 50% stöðu frá 1. janúar til 1. júlí 2011.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingum með góða hæfni í mannlegum samskiptum sem eru tilbúnir að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barnanna.

Ef ekki fæst fagfólk til starfa munu leiðbeinendur verða ráðnir í stöðurnar.

Umsóknir berist í leikskólann fyrir 17. desember 2010. Upplýsingar gefa Eydis og Halldóra í síma 4806620 / 6930389 / 8469321 eða í gegnum netfangið undraland@undraland.is

Frá launafulltrúa!!!!!!

ÁRÍÐANDI TILKYNNING

Hlutaðeigandi eru minntir á að skila inn skýrslum um nefndalaun og önnur ógreidd laun vegna ársins 2010 í síðasta lagi 17. desember nk.



Flúðaleið

Sendum viðskiptavinum og Sunnlendingum öllum óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Starfsfólk Flúðaleiðar



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnassýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farpega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lögglitur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði (næst 14. des um kl. 14:00, og síðan 11.jan 2011)

Samkaup strax




Opnunartími í desember .

Miðvikudagur	22. desember	09:00-19:00
Þorláksmessa	23. desember	09:00-19:00
Aðfangadagur	24. desember	10:00-13:00
Jóladagur og annar í jólum		LOKAÐ
Mánudagur	28. desember	10:00-17:00
Þriðjudagur	28. desember	09:00-19:00
Miðvikudagur	29. desember	09:00-19:00
Fimmtudagur	30. desember	09:00-19:00
31. desember	Gamlársdagur	10:00-13:00
Nýársdagur	01.01.2011	LOKAÐ
Sunnudagur	02.01.2011	10:00-17:00

JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni
Munið helgartilboðin
Bækur á tilboðsverði
Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða
Jólakveðjur
Starfsfólk Samkaupa Strax
á Flúðum.
GLEÐILEG JÓL



MÚRBÚÐAR FRÉTTIR

Höfum verið að bæta við nýjum vöruflokkum

LJÓSAPERUR – FLOTT HNÍFASETT og fl. fyrir heimilið.

OLÍUR – ÞURRKUBLÖÐ – ÖRYGGI -
PERUR – OG ÝMSAR
HREINSIVÖRUR – fyrir bílinn.




SKRÚFBÚTAR - PAKKNINGAR og fl. fyrir
pípulagnir.

PRJÓNABLÖÐ og fl. fyrir þrjónakonur

VETRAR VINNUVETTLINGAR – VITABÆTIR – ELDIVIÐUR –
SERÍUFESTINGAR – BRÉFABINDI – MÚSAGILDRUR -
RAFHLÖÐUR og síðast en ekki síst HEILHVEITI OG BYGGMJÖL
frá ÍSKORNI, Birtingaholti 4.

Eldri Hrunamenn!!

Eins og undafarin ár bjóða Hótel Flúðir eldri Hrunamönnum
(60 ára+-) í aðventukaffi , þriðjudaginn 14. des kl. 15:30
Verið velkomin... Allir í jólaskapi:)
Starfsfólk Hótel Flúða



Barnaskemmtun Kvenfélagsins 2010
verður haldin þriðjudaginn 28. desember kl.
14:00 – 16:00.



Nánar auglýst síðar.
Nefndin

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata
1-3



Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 056 1580

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



Okkur vantar söngglaðar konur á öllum aldri í kórinn okkar. Í vændum er spennandi vor með þáttöku í kvennakóramóti. Æfingar eru á mánudagskvöldum í Félagsheimilinu á Flúðum.
Næsta æfing er 10. janúar kl. 20.30.

Uppsveitasystur



Umsjónarmann vantar í Reiðhöllina á Flúðum!!

Upplýsingar gefa Guðni í síma 856 1136
og Helgi í síma: 897 7623.



Frá Bókasafni Hrunamanna

Nú eru margar nýjar, skemmtilegar og fróðlegar bækur komnar á bókasafnið. Því er um að gera að koma við og athuga hvað bíður spennandi í hillunum.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Á gegnir.is (Mínar síður) geta lánþegar m.a. séð hvað þeir eru með í láni, hvenær skiladagur er og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Gómsætt og villt.

Er með dýrindis hreindýrakjöt á hátíðardiskinn.

Upplýsingar í síma 8991169



Frá Útlaganum

*Sendum viðskiptavinum og sveitungum
hugheilar jóla og nýárskveðjur.*

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.





HJÓNABALL !

Viljum endilega vekja athygli á
Hjónaballinu sem er fyrirhugað
Laugardagskvöldið
26. febrúar 2011
Hjónaballsnefnd

Til sauðfjárbænda í Hrunamannahreppi.

Að gefnu tilefni vill Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps ítreka það við sauðfjárbændur að það er algerlega bannað að flytja fé á milli bæja í Hrunamannahreppi samkvæmt “Reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, nr: 651/2001.

Í algerum neyðartilfellum má þó héraðsdýralæknir heimila flutning á hrútum til fjárfarra bænda ef þeir eru hrútlausir þar sem það getur komið fyrir að eini hrúturinn á bænum drepst. Ef bændur eru í þeirri stöðu að vera hrútlausir á fengitíma skulu þeir hafa samband við héraðsdýralæknir sem aðstoðar þá við að finna hrút.

Með ósk um góða frjósemi á komandi fengitíma.

Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps.

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Síðasta sorpferð á árinu er frá 20. des til 23. des.

Minnt er á gámana.

ATH!!

Engin sorphirða er á milli jóla og nýárs.

Jóla og áramótakveðja

Tómas Þórir Jónsson



Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Nú er jólahátíðin að hefjast, þessi nauðsynlega upplýfting sálarlífsins einmitt þegar myrkið er hvað mest þrúgandi. Við setjum upp skrautljós í endalausum útgáfum. Sendum vinum og ættingjum kveðjur. Veljum gjafir handa okkar nánustu og innan um og samanvið seintlast inn í hug og hjarta boðskapur um frið og kærleika, vináttu og sátt. Boðskapur sem á birtingarmynd sína í fæðingu barns við fátæklegar aðstæður. Af þeirri mynd berst sú birta sem ekkert myrkur nær að kefja. Verum því glöð og njótum þess sem hátíðin hefur að gefa.

Fjársöfnun fermingarbarna

Undanfarin ár hefur sá siður verði að festast í sessi að fermingarborn safni fé fyrir hjálparstarf kirkjunnar. Þessir fjármunir fara óskertir til vatnsverkefna í Afríku og stuðnings við börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi. Börnin okkar söfnuðu fimmtíu þúsund krónum í sinni ferð og er það frábær árangur.

Hér með eru þeim færðar þakkir sem létu af hendi rakna til þessa mikilvæga málefnis. Í heild söfnuðust um 8 milljónir í þessu verkefni fermingarbarna á landinu.

Barnastarf

Sagt var frá því síðast að nú væri meiningin að fara af stað með sameiginlegt barnastarf fyrir allar sóknir prestakallsins í Hrepphólakirkju. Þetta hefir farið vel af stað og aðsókn verið góð og úr öllum sóknum. Nú höfum við tekið okkur hlé fram yfir áramót og munum segja frá því nánar þegar starfið hefst að nýju.

Helgihaldið um jól

Stóra- Núpskirkja aðfangadagskvöld kl. 23:30

Ólafsvallakirkja jóladagur kl.11:00

Hrepphólakirkja jóladagur kl.14:00

Hrunakirkja jóladagur kl.16:00

Gamlársdagur helgistund í Tungufellskirkju kl.16:00

Megi góður Guð gefa ykkur öllum gleðilega jólahátíð. Eiríkur Jóhannsson.



Björgunarfélagið Eyvindur og unglíngadeildin Skúli senda öllum Hrunamönnum, nærsveitungum og öðrum þeim sem hafa styrkt okkur á einn eða annan hátt, óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár með þökk fyrir góðan stuðning á liðnu ári.



Tónlistarnámskeið fyrir börn og unglinga

Felur í sér að:

- Þjálfna nemendur í að búa til sína tónlist
- Læra að skapa eitthvað frá grunni
- Efla sjálfstraust
- Prófa skapandi hugsun hjá hverjum nemanda fyrir sig
- Þjálfna hug og hönd

Í leiðinni að efla færni til almenns náms og þá aðallega lestrarnáms. Námskeiðin fara fram í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar Zero og byrja mánudaginn 10. Janúar.

Fyrir 6 og 7 ára börn frá kl.14:40 til 15:40.

Fyrir 4 og 5 ára börn frá kl.15:40 til 16:40.

Námskeiðin verða á mánudögum út janúar eða í fjögur skipti, ný námskeið hefjast strax að því loknu. Kostar hvort námskeið 4000 kr. á barn.

Námskeiðið hentar ólíkum nemenda hópum og er það aðlagð að getu hvers nemanda fyrir sig. Megin stefna námskeiðanna er að nemendur skemmti sér og læri í leiðinni.

Tónlistarsmiðja fyrir 7-10 bekkinga.

Tónlistarsmiðja fyrir 7-10 bekkinga byrjar einnig 10. janúar kl. 19:30. Unnið verður út frá spurningunni, Hvað er tónlist? Þeir sem eiga hljóðfæri mega koma með þau. Verður einnig unnið með smiðjuna í lotum og er hver lota fjögur skipti og kostar 4000 kr. á nemanda. Nýtt verður hljómsveitaraðstaða félagsmiðstöðvarinnar.

Upplýsingar um námskeiðin og smiðju fást hjá Kristínu Magdalenu Ágústsdóttur í síma 6904541 eða krima@mi.is



*Okkar bestu óskir um
Gleðilega jólahátíð og heillaríkt komandi ár.
Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
Vélaverkstæðið Klakkur*



STINNUR RASS OG SLÉTTUR MÆGI! ÁRÍÐ 2011!

BOLTALEIKFIMI OG YOGA TEYGJUR

Styrkir allan líkamann og gerir vöðvana langa og fallega.

Liðkar og styrkir hrygg og mjaðmir og allt stoðkerfið.

Þjálfar djúpvöðva og losar líkamann við óþarfa fitu og keppi.

Eykur jafnvægið og stuðlar að réttari og betri líkamsstöðu.

Hver og einn vinnur samkvæmt sinni getu.

Áhrifin koma mjög fljótt í ljós.

Byrjum aftur á nýju ári 10. jan. til 28. febr.
í Bergholti, Reykholti.

Mánud og miðvikud

Aðeins 9-10 konur í hverjum tíma.

Kl.16:15 full bókað

kl.17:30 full bókað

kl.18:45 full bókað



Skráðu þig á biðlista

í síma 861-7888 eða lully@simnet.is

JÚLÍANA MAGNÚSDÓTTIR
NUDDARI, YOGAKENNARI OG
LEIÐBEINANDI Í
JAFNVÆGISBOLTA - LEIKFIMI



FLUGELDASALA

**Flugeldasala Björgunarfélagsins Eyvindar verður sem hér segir, í húsi félagsins,
Miðvikudaginn 29. des frá kl. 17:00 – 22:00
Fimmtudaginn 30. des frá 17:00 – 22:00
Og föstudaginn 31. des frá 10:00 – 16:00
Einnig verður salan opin 5. og 6. Janúar 2011.**

Árlega hafa fyrirtæki og einstaklingar gert það að verkum að hægt hefur verið að setja upp stórkostlega flugeldasýningu hér í sveit.

Stefnt er að því að halda þessa árlegu flugeldasýningu Laugardaginn 8. Janúar, ef veður leyfir.

Hvetjum alla til að styrkja hana svo hún verði sem flottust!

**Með ármótkveðju
Björgunarfélagið Eyvindur**

Opnunartími skrifstofu Hrunamannahrepps um hátíðarnar.

23. desember opið frá kl. 9.00 til 12.00

24. desember lokað

27. desember 10:00-12:00 og 13:00-16:00

28 til 30 desember hefðbundin opnunartími

31. desember opið frá kl. 9.00 til 12.00

Starfsfólk hreppsskrifstofunnar óskar samstarfsfólki, hreppsbúum og öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.



***Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00***

Söngkeppni Samfés var haldin í Árnosi föstudaginn 5. nóvember.

Níu atriði kepptu um þann heiður að taka þátt í Söngkeppni Samfés fyrir okkar hönd. Unglingarnir sáu um allan undirbúning og skipulag sjálf og voru starfsmenn þeim aðeins til stuðnings og ráðgjafar.

Guðrún Arnardóttir stýrði keppninni og Guðjón Óm sá um hljóð- og ljósamál. Gylfi, Eyþór og Hannes höfðu á sinni könnu að sviðsmunir og hljóðnemar væru á réttum stað á réttum tíma. Hrafnhildur, Lilja, Sandra Dögg, Marianna, Guðrún, Hafðís og Áslaug settu upp skreytingar og stóluðu salinn undir leiðsögn Karenar. Hildur Guðbjörg og Sólveig úr Zeroráðinu voru kynnar. En fleiri komu að undirbúningnum á síðustu vikum og auðvitað höfðu keppendur teft að kappi. Við viljum þakka dómurunum, þeim Árna Þór, Árna Hjaltasyni og Arnari Kára fyrir sem og Ara húsverði sem aðstoði okkur með allt á milli himins og jarðar. Gaman var að sjá hve mikið af foreldrum, systkinum, öfum og ömmum komu að fylgjast með og stemmingin meðal áhorfenda var frábær.

Áhorfendur fengu einmitt að kjósa það atriði sem þótti hafa skarað fram úr varðandi sviðsframkomu. Atriði Björgvins Viðars, Ara, Kjartans og Geirs varð fyrir valinu þar sem litríkir búningar og fallegur dans voru í fyrirrými og gerðu það að verkum að þeir hrepptu þessi verðlaun. Við fáum mynd af þeim seinna vonandi.

En hér t.v. eru þær Hildur Guðbjörg og Sólveig kynnar ásamt Guðrúnu keppnisstjóra að kynna úrslit kosningu um bestu sviðsframkomuna.



Gunnhildur, Andrea, Huguín og Hrafnhildur skemmtu sér vel.





Hér koma svo útslitin í söngkeppninni í Árnosi. 2010 (talið frá vinstri.)

1. sæti. Margrét, Karen og Kjartan - Hlið við hlið
 2. sæti. Eyrún og Jón Hermann
 3. sæti. Maríanna - Betri tíð og Rakel Steinunn - Mercedes Bens
- Pau Karen, Kjartan og Margrét munu taka þátt í suðurlandsriðli söngkeppninnar 14. janúar sem haldin verður af félagsmiðstöðinni Tvistinum á Hvelsvelli.



Flott. Guðjón, Hildur Birna og Karen á ballinu.

Til vinstri eru sigurvegarar í söngkeppni Zero 2010. f.v. Margrét Hrund Arnarsdóttir, Kjartan Helgason og Karen Munda Jónsdóttir. Til hamingju! Með kveðju frá Félagsmiðstinni Zero Hjalti Sigurðsson.

*Jólakveðja frá Hótel Flúðum
Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
Starfsfólk Hótel Flúða*



HÚSALEIGUBÆTUR


**Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigu-
bætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir
til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigu-
bætur. Hægt er að lesa löginn í heild
á felagsmalaraduneyti.is
Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hruna-
mannahrepps fyrir 14. janúar 2011.
Sveitarstjóri**

Félagsmiðstöðin Zero
Gjöf frá Þjórsárskóla

Miðvi kudaginn 24. nóvember komu nemendur og skólustjóri
Þjórsárskóla færandi hendi í félagsmiðstöðina þegar skólinn
gaf Zero tvær fartölur.

Tölvurnar munu nýtast gestum félagsmiðstöðvarinnar við
heimanám sem í klúbba- og félagsstörfum. Þetta er mikil bú-
bót og eitthvað sem hefur verið efst á þarfalista ungling-
anna frá upphafi enda mikilvæg tæki fyrir starfið.
Við þökkum Þjórsárskóla kærlega fyrir þessa rausnarlegu
gjöf :)

Á myndinni má sjá þegar Arnþór Ingvar nem-
andi í 7. bekk Þjórsárskóla afhendir gjöfina
en Karen og Sólveig tóku við henni fyrir
hönd Zeroráðsins.




Kveðja,

Hjalte Sigurðsson
Förstöðumaður



Eldri borgara kór Hrunamanna
söng á Aðventuhátíð í Félags-
heimilinu þann 28. nóvember
sl. Ljós:SigSigm





Grímur í Ásatúni kom yfir Hvítárbrúna á “þarfasta þjónum” ,-og fékk nammi hjá Mörtu Ljós:SigSigm



Þær systur Guðríður og Ragnhildur voru meðal burt fluttra Tungnakvenna, sem buðu upp á kræsingar við brúaaarspórðinn. Ljós:SigSigm